

30. janúar 2007

Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf. („Straumur-Burðarás“)  
Afkoma ársins 2006

**VAXANDI NORRÆNN FJÁRFESTINGABANKI**

**METHAGNAÐUR EFTIR SKATTA - 45,2 MILLJARÐAR KRÓNA ÁRIÐ 2006  
ARÐSEMI EIGIN FJÁR 42% ÁRIÐ 2006  
FJÓRFÖLDUN ÞÓKNUNARTEKNA**

**Friðrik Jóhannsson, forstjóri:**

„Hagnaður Straums-Burðaráss eftir skatta er rúmir 45 milljarðar króna á árinu 2006, sem skilar hluthöfum bankans 42% arðsemi eigin fjár. Þetta er glæsileg afkoma á ári sem hefur einkennst af arðsömum vexti, útrás og uppbyggingu innviða. Jafnframt hefur okkur tekist að tryggja sjálfstæði bankans gagnvart íslenskum markaði með því að leita nýrra leiða í fjármögnun hans. Hlutfall erlendra tekna og verkefna hefur aukist umtalsvert og veitir það bankanum traustan og fjölbreyttan tekjugrunn. Það, ásamt öflugri fjárfestingastarfsemi, mun tryggja hluthöfum okkar áframhaldandi góða arðsemi. Straumur-Burðarás er tilbúinn fyrir enn frekari innri og ytri vöxt. Markmið okkar, um að verða leiðandi norrænn fjárfestingabanki, er innan seilingar.“

**Methagnaður á fjórða ársfjórðungi – 24,2 milljarðar króna**

- Hagnaður eftir skatta árið 2006 er 45.211 m.kr. en var 26.718 m.kr árið 2005, sem er 69% hækkun. Hagnaður eftir skatta á fjórða ársfjórðungi árið 2006 er 24.275 m.kr. en var 12.616 m.kr. á sama tímabili árið 2005. Það er 92% hækkun.
- Hreinar rekstrartekjur árið 2006 jukust um 37% á milli ára og námu 46.369 m.kr., samanborið við 33.871 m.kr. árið 2005. Á fjórða ársfjórðungi námu hreinar rekstrartekjur 18.149 m.kr. en voru 15.894 m.kr. á sama tímabili árið 2005. Þetta er 14% aukning frá árinu 2005.
- Arðsemi eigin fjár var 42% árið 2006.
- Árið 2006 nam hlutfall rekstrarkostnaðar af tekjum 8,0% en var 3,9% árið 2005.

**Fjórfoldun þóknunartekna og margfoldun vaxtatekna**

- Hreinar þóknunartekjur tæplega fjórfaldast milli ára; námu 7.404 m.kr. árið 2006 samanborið við 1.951 m.kr. árið 2005.
- Hreinar vaxtatekjur bankans voru 3.732 m.kr. árið 2006, en voru neikvæðar um 248 m.kr. árið 2005. Vaxtatekjur eru því margfalt hærrí en árið 2005.

**Efnahagur gerir frekari vöxt mögulegan**

- Heildareignir bankans námu 412.288 m.kr. í árslok 2006 en voru 259.349 m.kr. í lok árs 2005 og hafa því vaxið um 59% frá áramótum.
- Eiginfjárlutfall á CAD-grunni var 37,59%, þar af A-hluti 35,2%. Til samanburðar var CAD-hlutfall í lok ársins 2005 19,8%, þar af var A-hluti 15,3%.
- Eigið fé nam 141.349 m.kr. í árslok 2006, að frádregnum eigin bréfum.

**Framkvæmd stefnu skilar sér í uppbyggingu efnahagsreiknings**

- Lánasafnið rúmlega tvöfaldaðist að stærð úr 48.911 m.kr. í upphafi árs 2006 í 127.844 m.kr. í árslok.
- Hlutfall vaxtaberandi eigna í efnahagsreikningi hækkar um 59% frá árinu 2005.

## Lykiltölur úr rekstri

<i>Milljónir króna</i>	<b>4. ársfj. 2006</b>	<b>3. ársfj. 2006</b>	<b>2.ársfj. 2006</b>	<b>1.ársfj. 2006</b>	<b>4. ársfj. 2005</b>
Hreinar vaxtatekjur	596	1.258	1.393	485	(184)
Hreinar þóknunartekjur	2.241	1.694	1.102	2.367	994
Arðstekjur	526	31	1.215	696	98
Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	3.283	1.163	(6.000)	15.153	10.241
Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstur	7.404	1.954	994	2.002	4.853
Tekjur af fjárfestingareignum	812	0	0	0	0
Hreinn gjaldeyrismunur	3.288	(3.296)	2.499	3.501	(108)
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0	9	0
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>18.149</b>	<b>2.804</b>	<b>1.203</b>	<b>24.213</b>	<b>15.894</b>
Laun og launatengd gjöld	(1.011)	(394)	(318)	(391)	(321)
Annar rekstrarkostnaður	(642)	(307)	(438)	(365)	(293)
<b>Rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>(1.653)</b>	<b>(701)</b>	<b>(756)</b>	<b>(756)</b>	<b>(614)</b>
Virðisrymun lána og krafna	(296)	(180)	(296)	(266)	158
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	0	0	0	0	0
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>16.200</b>	<b>1.923</b>	<b>151</b>	<b>23.191</b>	<b>15.438</b>
Tekjuskattur	8.075	(374)	156	(4.111)	(2.822)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>24.275</b>	<b>1.549</b>	<b>307</b>	<b>19.080</b>	<b>12.616</b>
<b>Hagnaður á hlut</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>1</b>
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturféлага	235	56	89	(47)	24

## Rekstrarreikningur

### Tekjur

Hagnaður bankans eftir skatta árið 2006 nam 45.211 m.kr. samanborið við 26.718 m.kr. árið 2005. Vöxtur frá fyrra ári er því 69%. Hagnaður bankans eftir skatta á fjórða ársfjórðungi nam 24.275 m.kr. samanborið við 12.616 m.kr. á sama tímabili árið 2005, hækkun frá fyrra ári nemur því 92%.

Hreinar rekstrartekjur bankans árið 2006 námu 46.369 m.kr. samanborið við 33.781 m.kr. árið 2005 og jukust því um 37%. Hreinar rekstrartekjur bankans á fjórða ársfjórðungi námu 18.149 m.kr. en voru 15.894 m.kr. á sama tímabili árið 2005, sem er aukning um 14%.

Hreinar vaxta- og þóknunartekjur voru 11.136 m.kr. árið 2006, en námu 1.703 m.kr. árið 2005. Hreinar þóknunartekjur námu 2.837 m.kr. á fjórða ársfjórðungi samanborið við 810 m.kr. á sama tímabili 2005.

Arðstekjur námu 2.468 m.kr. árið 2006 en voru 1.597 m.kr. árið 2005. Arðstekjur námu 526 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2006 en voru 98 m.kr. á sama tímabili árið 2005.

Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum voru 13.598 m.kr. árið 2006 og 16.726 m.kr. árið 2005. Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum voru 3.283 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2006 en voru 10.241 m.kr. á sama tímabili árið 2005.

Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum á gangvirði voru 12.354 m.kr. árið 2006 en voru 14.095 m.kr. árið 2005. Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum á gangvirði voru 7.404 m.kr. á fjórða ársfjórðungi en voru 4.853 m.kr. á sama tímabili árið 2005.

Hreinn gjaldeyrismunur var 5.992 m.kr. árið 2006, en neikvæður um 255 m.kr. árið 2005. Hreinn gjaldeyrismunur var 3.288 m.kr. á fjórða ársfjórðungi ársins 2006 en neikvæður um 108 m.kr. á sama tíma árið 2005.

### Rekstrargjöld

Rekstrarkostnaður árið 2006 nam 3.866 m.kr. miðað við 1.306 m.kr. árið 2005. Rekstrarkostnaður á fjórða ársfjórðungi 2006 nam 1.653 m.kr. miðað við 614 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2005.

## Lykiltölur úr efnahag

<i>Milljónir króna</i>	<b>31.12.06</b>	<b>31.12.05</b>		<b>31.12.06</b>	<b>31.12.05</b>
Lán og kröfur	193.595	59.994	Lántaka	243.410	121.657
Veltufjáreignir	125.841	92.230	Víkjandi lán	8.391	5.408
Aðrar eignir á gangvirði	62.287	87.843	Veltufjárskuldir	8.296	1.636
Hlutdeildarfélag	51	-	Tekjuskattsskuldbinding	591	9.881
Fjárfestingareignir	6.413	-	Aðrar skuldir	10.251	5.896
Rekstrarfjármunir	1.333	1.126	Eigið fé	141.349	114.871
Yfirverð	17.671	15.038			
Aðrar eignir	5.097	3.118			
<b>Eignir samtals</b>	<b>412.288</b>	<b>259.349</b>	<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>412.288</b>	<b>259.349</b>

## Efnahagsreikningur

Heildareignir Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka þann 31. desember 2006 voru 412.288 m.kr. en voru 259.349 m.kr. árið 2005 og jukust því um 59%. CAD-hlutfallið var 37,59% árið 2006, en þar af var A-hluti 35,2%.

### Eignir

Lán og kröfur bankans árið 2006 námu 193.595 m.kr. Þar af námu útlán til viðskiptavina 127.844 m.kr. en þau voru 48.911 m.kr. í lok ársins 2005.

Afskriftareikningur útlána ársins 2006 nam 1.513 m.kr í samanburði við 475 m.kr í árslok 2005. Staða afskriftareikningsins jafngildir 1,18% af heildarútlánnum í lok fjórða ársfjórðungs 2006.

Veltufjáreignir námu 125.841 m.kr. árið 2006 samanborið við 92.230 m.kr. í lok ársins 2005. Hlutabréfaeign bankans sem færð er til veltufjáreigna nam 89.738 m.kr. þann 31. desember 2006 og verðmæti skuldabréfaeignar bankans nam 32.873 m.kr. Hluti hlutabréfaeignar myndar mótvægi við afleiðusamninga, en í lok fjórðungsins höfðu viðskiptavinir bankans skuldbundið sig til að selja eða kaupa hlutabréf af bankanum með framvirkum samningum að fjárhæð 32.942 m.kr. samanborið við 7.949 m.kr. í lok ársins 2005.

Aðrar fjáreignir á gangvirði námu samtals 62.287 m.kr. þann 31. desember 2006 en voru 87.843 m.kr. um síðustu áramót.

Rekstrarfjármunir námu 1.333 m.kr. í lok fjórða ársfjórðungs en námu 1.126 m.kr. í upphafi ársins 2006.

Aðrar eignir voru 5.097 m.kr. þann 31. desember 2006 en voru 3.118 m.kr. um síðustu áramót.

### Skuldir og eigið fé

Lántökur þann 31. desember 2006 námu 243.410 m.kr. og skiptust þannig að skuldir við lánastofnanir voru 146.138 m.kr., miðað við 53.851 í lok árs 2005, og önnur lántaka nam 97.272 m.kr. miðað við 67.806 m.kr. í lok árs 2005.

Staða víkjandi lána er 8.391 m.kr. í lok tímabilsins.

Veltufjárskuldir námu 8.296 m.kr. árið 2006 en voru 1.636 m.kr. í lok árs 2005.

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding var 591 m.kr. árið 2006 og aðrar skuldir voru 10.251 m.kr.

Eigið fé þann 31. desember 2006 nam 141.349 m.kr. en var 114.871 m.kr. í upphafi árs. Greiddur var arður til hluthafa að fjárhæð 6.733 m.kr. fyrir árið 2005.

## Afkomusvið bankans

Rekstri bankans er skipt í afkomusvið og stoðsvið. Afkomusviðin eru Eigin viðskipti, Fjárstýring, Fyrirtækjasvið, Lánasvið, og Markaðsviðskipti. Stoðsviðin eru Áhættustýring, Lögfræðisvið og Rekstrarsvið.

Hagnaður var af rekstri allra afkomusviða bankans árið 2006. Við útreikning á hagnaði afkomusviða er rekstrarkostnaður stoðsviða tekinn til greina.

<i>Milljónir króna</i>	<b>Eigin viðskipti</b>	<b>Markaðs- viðskipti</b>	<b>Fyrirtækja- svið</b>	<b>Lánasvið</b>	<b>Fjárstýring</b>	<b>Önnur starfsemi</b>	<b>Samtals F1-F4 2006</b>
Hreinar vaxtatekjur	(7.499)	(54)	(1.422)	5.173	7.768	(234)	<b>3.732</b>
Hreinar þóknunartekjur	16	2.456	4.321	705	4	(98)	<b>7.404</b>
Arðstekjur	2.450	-	5	-	-	13	<b>2.468</b>
Hreinar tekjur af hlutabréfaeign	13.809	-	11.970	11	-	320	<b>26.110</b>
Hreinar tekjur af skuldabréfaeign	(158)	-	-	-	-	-	<b>(158)</b>
Hreinn gjaldeyrismunur	3.553	-	-	-	2.439	-	<b>5.992</b>
Tekjur af fjárf.eignum	-	-	812	-	-	-	<b>812</b>
Aðrar rekstrartekjur	-	-	-	-	-	9	<b>9</b>
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>12.171</b>	<b>2.402</b>	<b>15.686</b>	<b>5.889</b>	<b>10.211</b>	<b>10</b>	<b>46.369</b>
<i>Rekstrarkostnaður</i>	(475)	(325)	(1.467)	(680)	(747)	(172)	<b>(3.866)</b>
Virðisrýrnun	-	-	-	(1.038)	-	-	<b>(1.038)</b>
<b>Hagnaður fyrir skatt</b>	<b>11.696</b>	<b>2.077</b>	<b>14.219</b>	<b>4.171</b>	<b>9.464</b>	<b>(162)</b>	<b>41.465</b>
						Skattur	<b>3.746</b>
						<b>Hagnaður</b>	<b>45.211</b>

### Eigin viðskipti

Eigin viðskipti annast viðskipti bankans í eigin reikning. Viðskiptin eru annars vegar hluti af viðskiptavakt í ákveðnum verðbréfaflokkum og hins vegar eigin stöður í skuldabréfum, skráðum hlutabréfum, gjaldeyri og afleiðum slíkra afurða, á innlendum og erlendum mörkuðum.

Hreinar rekstrartekjur voru 2.139 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2006 og jukust um 3.936 m.kr. á milli ársfjórðunga.

<i>Milljónir króna</i>	<b>4F 2006</b>	<b>3F 2006</b>	<b>2F 2006</b>	<b>1F 2006</b>	<b>4F 2005</b>
Hreinar vaxtatekjur	(2.180)	(1.173)	(2.190)	(1.956)	(1.046)
Hreinar þóknunartekjur	3	10	3	-	-
Arðstekjur	513	26	1.215	696	85
Hreinar tekjur af hlutabréfaeign	3.279	2.835	(7.303)	14.998	14.246
Hreinar tekjur af skuldabréfaeign	(37)	(188)	11	56	(72)
Hreinn gjaldeyrismunur	561	(3.307)	2.745	3.554	(108)
Tekjur af fjárf.eignum	-	-	-	-	-
Aðrar rekstrartekjur	-	-	-	-	-
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>2.139</b>	<b>(1.797)</b>	<b>(5.519)</b>	<b>17.348</b>	<b>13.105</b>
<i>Rekstrarkostnaður</i>	(129)	(118)	(70)	(158)	
Virðisrýrnun	-	-	-	-	
<b>Hagnaður fyrir skatt</b>	<b>2.010</b>	<b>(1.915)</b>	<b>(5.589)</b>	<b>17.190</b>	

### Markaðsviðskipti

Markaðsviðskipti sinna miðlun verðbréfa og hafa umsjón með sölu vegna útboða hlutafjár og skuldabréfa. Helstu viðskiptavinir Markaðsviðskipta eru fagfjárfestar, fyrirtæki og verðbréfasjóðir.

Hreinar rekstrartekjur námu 823 m.kr. á fjórða ársfjórðungi og jukust um 67% á milli ársfjórðunga.

<i>Milljónir króna</i>	<b>4F 2006</b>	<b>3F 2006</b>	<b>2F 2006</b>	<b>1F 2006</b>	<b>4F 2005</b>
Hreinar vaxtatekjur	(1)	(16)	(26)	(11)	0
Hreinar þóknunartekjur	824	509	405	718	216
Arðstekjur	-	-	-	-	-
Hreinar tekjur af hlutabréfaeign	-	-	-	-	-
Hreinar tekjur af skuldabréfaeign	-	-	-	-	-
Hreinn gjaldeyrismunur	-	-	-	-	-
Tekjur af fjárf.eignum	-	-	-	-	-
Aðrar rekstrartekjur	-	-	-	-	-
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>823</b>	<b>493</b>	<b>379</b>	<b>707</b>	<b>216</b>
<i>Rekstrarkostnaður</i>	(110)	(76)	(47)	(92)	
Virðisrýrnun	-	-	-	-	
<b>Hagnaður fyrir skatt</b>	<b>713</b>	<b>417</b>	<b>332</b>	<b>615</b>	

### Fyrirtækjasvið

Fyrirtækjasvið veitir viðskiptavinum bankans ráðgjöf við kaup, sölu og/eða fjármögnun fyrirtækja og fjárfestingafélaga. Þjónustan felur í sér samruna, yfirtöku eða almenna endurskipulagningu þar sem þörf er á útgáfu hlutafjár og/eða lánsfjármögnun.

Hreinar rekstrartekjur námu 8.966 m.kr. á fjórða ársfjórðungi. Hreinar þóknunartekjur námu 1.238 m.kr. á fjórðungnum. Gengishagnaður nam 8.159 m.kr. á fjórða ársfjórðungi.

<i>Milljónir króna</i>	<b>4F 2006</b>	<b>3F 2006</b>	<b>2F 2006</b>	<b>1F 2006</b>	<b>4F 2005</b>
Hreinar vaxtatekjur	(431)	(481)	(265)	(245)	(136)
Hreinar þóknunartekjur	1.238	1.141	634	1.308	657
Arðstekjur	-	5	-	-	13
Hreinar tekjur af hlutabréfaeign	7.347	486	1.881	2.256	922
Hreinar tekjur af skuldabréfaeign	-	-	-	-	-
Hreinn gjaldeyrismunur	-	-	-	-	-
Tekjur af fjárf.eignum	812	-	-	-	-
Aðrar rekstrartekjur	-	-	-	-	-
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>8.966</b>	<b>1.151</b>	<b>2.250</b>	<b>3.319</b>	<b>1.456</b>
<i>Rekstrarkostnaður</i>	(760)	(304)	(186)	(217)	
Virðisrýrnun	-	-	-	-	
<b>Hagnaður fyrir skatt</b>	<b>8.206</b>	<b>847</b>	<b>2.064</b>	<b>3.102</b>	

### Lánasvið

Lánasvið hefur umsjón með lánveitingum til fyrirtækja og fagfjárfesta og býður þeim heildarlausnir í lánsfjármögnun, allt frá almennum fyrirtækjalánum til lánsfjármögnunar vegna skuldsettra kaupa (millilags- og/eða „senior“-lán). Mikil áhersla er lögð á að sniða þjónustuna að þörfum hvers og eins viðskiptavinar.

Hreinar rekstrartekjur lánasviðs námu 1.706 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2006 og jukust um 16% frá síðasta ársfjórðungi. Hreinar vaxtatekjur sviðsins námu 1.493 m.kr. Hreinar þóknunartekjur námu 213 m.kr. á síðastliðnum ársfjórðungi.

<i>Milljónir króna</i>	<b>4F 2006</b>	<b>3F 2006</b>	<b>2F 2006</b>	<b>1F 2006</b>	<b>4F 2005</b>
Hreinar vaxtatekjur	1.493	1.404	1.311	965	495
Hreinar þóknunartekjur	213	61	90	341	123
Arðstekjur	-	-	-	-	-
Hreinar tekjur af hlutabréfaeign	11	-	-	-	-
Hreinar tekjur af skuldabréfaeign	(11)	-	11	-	-
Hreinn gjaldeyrismunur	-	-	-	-	-
Tekjur af fjárf.eignum	-	-	-	-	-
Aðrar rekstrartekjur	-	-	-	-	-
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>1.706</b>	<b>1.465</b>	<b>1.412</b>	<b>1.306</b>	<b>618</b>
<i>Rekstrarkostnaður</i>	(304)	(159)	(113)	(104)	
Virðisryrnun	(296)	(180)	(296)	(266)	
<b>Hagnaður fyrir skatt</b>	<b>1.106</b>	<b>1.126</b>	<b>1.003</b>	<b>936</b>	

### Fjárstýring

Fjárstýring annast fjármögnun bankans, stýringu á skammtímafjárflæði, vaxtjöfnuði og gjaldeyrisjöfnuði.

Hreinar rekstrartekjur Fjárstýringar námu 4.379 m.kr. á fjórða ársfjórðungi.

<i>Milljónir króna</i>	<b>4F 2006</b>	<b>3F 2006</b>	<b>2F 2006</b>	<b>1F 2006</b>	<b>4F 2005</b>
Hreinar vaxtatekjur	1.692	1.613	2.672	1.791	506
Hreinar þóknunartekjur	-	4	-	-	(3)
Arðstekjur	-	-	-	-	-
Hreinar tekjur af hlutabréfaeign	-	-	-	-	-
Hreinar tekjur af skuldabréfaeign	-	-	-	-	-
Hreinn gjaldeyrismunur	2.687	74	(215)	(107)	-
Tekjur af fjárf.eignum	-	-	-	-	-
Aðrar rekstrartekjur	-	-	-	-	-
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>4.379</b>	<b>1.691</b>	<b>2.457</b>	<b>1.684</b>	<b>503</b>
<i>Rekstrarkostnaður</i>	(295)	(159)	(142)	(151)	
Virðisryrnun	-	-	-	-	
<b>Hagnaður fyrir skatt</b>	<b>4.084</b>	<b>1.532</b>	<b>2.315</b>	<b>1.533</b>	

## Arðsemi og hlutafé

Arðsemi eigin fjár árið 2006 var 42%.

Útstandandi hlutafé Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka þann 31. desember 2006 nam 9.487 m.kr.

## Hluthafar

Hluthafar þann 31. desember 2006 voru 20.666 en þeir voru 22.031 í árslok 2005. Í lok ársins 2006 átti einn hluthafi yfir 10% eignarhlut í bankanum:

Eignarhlutur

Samson Global Holdings..... 30,2%

## Atburðir á 4. ársfjórðungi 2006

**23. nóvember** tilkynnti Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf. um útgáfu €200.000.000 skuldabréfa í gegnum CLO lánaramma (e. collateralized loan obligations) á alþjóðlegum lánamarkaði. Lánveitingin styrkir þátttöku bankans á alþjóðlegum sambankalánamarkaði og er mikilvægur áfangi í því að auka enn frekar hlutdeild vaxtaberandi eigna og vaxtatekna bankans. Fjármögnunin er til ársins 2012 og kaupandi skuldabréfanna er Dresdner Bank AG London Branch.

**30. nóvember** staðfesti Fitch Ratings lánshæfiseinkunnir Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf. Langtímaeinkunn 'BBB-', skammtímaeinkunn 'F3', óháð einkunn 'C/D', og stuðningseinkunn '3'. Horfur lánshæfiseinkunnanna eru stöðugar.

**15. desember** keypti Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf., ásamt fjárfestum, 2.338.864.240 hluti eða 22,6% heildarhlutafjár í Straumi-Burðarási af FL Group. Alls keypti Straumur-Burðarás 1.025.554.736 hluti, eða tæplega 10% af hlutafénu en aðrir fjárfestar keyptu samanlagt 1.313.309.504 hluti eða tæplega 13% af hlutafénu. Kaupendur greiddu 18 kr. fyrir hvern hlut og er heildar kaupverðið því um 42,1 milljarður króna. Kaupverðið var greitt með um 28,3 milljörðum króna í reiðufé, um 10,2 milljarðar króna voru greiddir með hlutum í finnska flugfélaginu Finnair og um 3,5 milljarðar króna með hlutum í skráðum íslenskum félögum. Gengið var frá viðskiptunum þann **22. desember 2006**. Fyrirtækjasvið Straums-Burðaráss hafði milligöngu um viðskiptin.

**19. desember** tilkynnti Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf. um þá ákvörðun að færa bókhald og semja ársreikning bankans í evrum frá og með 1. janúar 2007. Í þessari ákvörðun felst jafnframt að eigið fé bankans verður fært yfir í evrur. Ákvörðunin er tekin með langtímahagsmuni bankans og hluthafa hans í huga. Sífellt stærri hluti af eignum og tekjum bankans er í erlendum myntum og hlutfall íslensku krónunnar í viðskiptum bankans minnkar jafnt og þétt. Bankinn telur að þessi breyting verði til þess að auka áhuga erlendra fjárfesta á Straumi-Burðarási, breikka hluthafahóp bankans og styðja við áframhaldandi alþjóðlegan vöxt.

## Horfur á árinu 2007

Í ársbyrjun 2007 veitti Breska Fjármálaeftirlitið (FSA) Straumi-Burðarási Fjárfestingabanka leyfi til að starfrækja útibú í London. Starfsemi hófst í London 1. janúar 2007. Starfsemin í London verður fyrst í stað sniðin að lánstarfsemi, sérstaklega sambankalánnum, þar sem Straumur-Burðarás mun ýmist vera þátttakandi eða leiðandi. Bankinn er í samstarfi við dótturfélag sitt, Stamford Partners í London um verkefni á fyrirtækjasviði. Ætlunin er að koma allri starfseminni í London undir eitt þak á árinu og efla hana enn frekar, m.a. uppbyggingu Markaðsviðskipta.

Markmið Straums-Burðaráss er að tryggja stöðuga tekjustrauma. Bankinn mun halda áfram að vinna að fjölbreytni í starfsemi sinni. Engir einstakir viðskiptaþættir eða landssvæði eiga að skila bankanum meira en 20% af heildartekjum hans að þremur árum liðnum. Ætlunin er að opna skrifstofur í fleiri löndum til að ná því markmiði, en áfram verður leitast við að halda kostnaðarhlutfalli lágu.

Áfram verður stefnt að arðbærum vexti. Norðurlöndin og Bretland verða áfram höfuðmarkaðir, en önnur tækifæri metin að verðleikum. Við teljum það raunhæfan möguleika að verða leiðandi norrænn fjárfestingabanki. Stefnan er að þrefalda fjölda viðskiptavina fyrir árslok 2009. Stefna bankans er að 20% tekna komi frá nýjum vörum og þjónustu og að arðsemi eigin fjár verði yfir 15%.

Efnahagsreikningur bankans er sterkur og því vel fallin til að styðja við ytri og innri vöxt. Markmið okkar um að verða leiðandi norrænn fjárfestingabanki er innan seilingar.

## Fimm ára yfirlit

<i>Milljónir króna</i>	Árið 2006	Árið 2005	Árið 2004	Árið 2003	Árið 2002
Heildareignir	412.288	259.349	89.589	22.530	7.986
Eigið fé í lok tímabils (m.kr.)	141.349	114.871	32.006	16.094	7.761
Hlutfé í lok tímabils (m.kr.)	9.487	10.359	5.400	4.083	2.540
Eigið fé á hlut	15	11	6	4	3
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>46.369</b>	<b>33.871</b>	<b>8.615</b>	<b>4.287</b>	<b>1.070</b>
Rekstrargjöld	-3.866	-1.306	-494	-317	-106
Hagnaður fyrir skatta (m.kr.)	41.465	32.180	8.039	3.969	967
<b>Hagnaður eftir skatta (m.kr.)</b>	<b>45.211</b>	<b>26.718</b>	<b>6.683</b>	<b>3.815</b>	<b>812</b>
Arðsemi eigin fjár á ársgrunni	42,00%	46,50%	34,50%	40,10%	10,90%
Hagnaður (tap) á hlut (kr.)	2,41	3,5	1,51	1,17	0,32
Arður á hlut	0,65	0,65	0,35	0,35	0,18
<b>Stöðugildi í lok tímabils</b>	<b>109</b>	<b>52</b>	<b>17</b>	<b>12</b>	<b>4</b>
Hreinar rekstrartekjur/heildareignir	11,2%	13,1%	9,6%	13,3%	13,4%
Rekstrargjöld/heildareignir	0,9%	0,5%	0,6%	1,4%	1,3%
Kostnaður/tekjur	8,3%	3,9%	5,7%	7,4%	9,9%

## Endurskoðun

Ársuppgjör fyrir árið 2006 hefur verið kannað af KPMG Endurskoðun hf. sem er endurskoðandi bankans.

## Starfsmenn

Í lok ársfjórðungsins voru 109 stöðugildi í bankanum.

## Upplýsingagjöf

Straumur-Burðarás leggur kapp á tímanlega, trausta, rétta og viðeigandi upplýsingagjöf á markaði, í gegnum fréttaveitu Kauphallar Íslands, á heimasíðu bankans og í fjölmiðlum. Markmið okkar er að tryggja öllum hagsmunaaðilum aðgang að skýrum og nákvæmum upplýsingum um starfsemi og verkefni bankans hverju sinni.

## Birting uppgjóra á árinu 2006

4. ársfjórðungur

30. janúar

Aðalfundur verður haldinn 8. mars nk.

Birting uppgjors fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2007 (1F) er fyrirhuguð 26. apríl nk.

## Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila verður haldinn miðvikudaginn 31. janúar í höfuðstöðvum bankans í Borgartúni 25, 8. hæð, kl. 8.30. Friðrik Jóhannsson forstjóri mun kynna uppgjórið og rekstur bankans árið 2006.

## Árshlutareikningur og nánari upplýsingar





Nánari upplýsingar veita Friðrik Jóhannsson forstjóri og Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, forstöðumaður Samskiptasviðs ([johanna@straumur.net](mailto:johanna@straumur.net) – gsm: 840 9133). Uppgjör fyrir árið 2006 mun liggja frammi á skrifstofu bankans. Einnig mun það verða aðgengilegt, ásamt öðrum upplýsingum um bankann, á vefsíðu bankans, [www.straumur.net](http://www.straumur.net).



Borgartúni 25  
105 Reykjavík  
Sími: 580 9100  
Netfang: [straumur@straumur.net](mailto:straumur@straumur.net)